



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Nefnd um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu
vt. Ármann Kr. Ólafsson,
Gunnar Einarsson,
Dagur B. Eggertsson.

Kópavogur, 13.04.2018
1510005 SB

Varðar: Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

Á 456. stjórnarfundum SSH, þann 9. apríl 2018 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Rætt var um nýframkomna fjármálaáætlun ríkisins og ákvæði hennar um að tekur verði upp viðræður á þessu ári við SSH um fjármögnun til úrbóta á samgöngumálum, Borgarlínu og öðrum samgöngumannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu, sbr. einnig ákvæði í stjórnarsáttmála og „samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019-2023“ milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 6. apríl sl.

Í fjármálaáætlun ríkistjórnarinnar segir m.a.:

„Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar koma áherslur í samgöngumálum. Stefnt er að því að hraða uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum með hvorutveggja nýframkvæmdum og viðhaldi, bæta öryggi á vegum og stuðla að hagkvæmum og greiðum samgöngum. Vilji er til að eiga samstarf við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um Borgarlínu og aðrar framkvæmdir á svæðinu og verður ráðist í viðræður á árinu um það.“

Stjórnin felur fulltrúum SSH í stýrihópi SSH, Vegagerðarinnar og samgönguneytisins að hefja undirbúning að mótun samningsmarkmiða SSH vegna þessara viðræðna þar sem tillögur stýrihópsins frá febrúar 2018 verði m.a. lagðar til grundvallar.

Virðingarfyllt,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH